
13/08/2025

Heilir og sælir nemendur í dreifnámi

Nú fer óðum að stytta í upphaf skóla. Verkmenntaskóli Austurlands verður settur mánudaginn 18. ágúst og er gert ráð fyrir að fyrsti kennsludagur í dreifnáminu verði þriðjudaginn 26. ágúst.

Á þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum, kl. 17 – 21 eru kennarar til staðar á verkstæðum til að aðstoða nemendur við vinnu sína.

Hér má sjá skóladagatal fyrir skólaárið 2025-2026. Kvöldtímarnir fylgja dagatalinu.

Til að fara yfir fyrirkomulag námsins viljum við bjóða ykkur til kynningarfundar þriðjudaginn 26. ágúst kl. 17:00. Fundurinn verður haldinn í stofu 24 á efri hæð í verknámshúsi.

Kynningarfundurinn er sérstaklega hugsaður fyrir þá sem eru að hefja dreifnám – en eldri nemendur eru að sjálfsögðu velkomnir líka.

Dagskrá:

- Skólameistari opnar fundinn.
- Guðný Björg Guðlaugsdóttir, áfangastjóri, gerir grein fyrir nemendapjónustu og því sem stendur nemendum til boða.
- Viðar Guðmundsson, kerfisstjóri og kennari í rafiðngreinum fer yfir aðganga í [Innu](#) og á [Kennsluvef](#) ásamt því að kynna þessi kerfi lauslega.
- Hildur Dröfn Guðmundsdóttir, deildarstjóri í rafiðndeild fer yfir fyrirkomulag námsins.

Kær kveðja

Birgir Jónsson

Skólameistari